

Garðabær
v.t. Bæjarstjórn
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Reykjavík, 29. apríl 2024

Efni: Minnisblað um breytingar á ársreikningi Garðabæjar milli fyrri og seinni umræðu.

Frá fyrri umræðu hefur verið horft til þess að breyta framsetningu á verkum í vinnslu og fyrirframinnheimtum tekjum vegna gatnagerðargjalda í efnahagsreikningi Garðabæjar. Í því sambandi hefur verið farið yfir lög og reglur og samanburð við önnur sveitarfélög.

Úr reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga 2012/2015:

„11. gr. Gatnakerfi.

Fjárfesting í nýjum gatnakerfum (götur, gangstéttar og stígar, göngubrýr og mislæg gatnamót, götuvitar, gatnalýsing o.fl.) **skal eignfærð, að frádregnum gatnagerðargjöldum**, og afskrifuð. Eignarhald skal vera í eignasjóði eða annarri A-hluta stofnun sem leigir gatnakerfið til aðalsjóðs.“

Sveitarfélög netta saman verkum í vinnslu og álögðum gatnagerðargjöldum og byggir það á ofangreindu ákvæði sem og á almennum reikningsskilareglum þó almennu reglurnar séu öðruvísi í framkvæmd en þar er beitt áfangainnlausn við tekjufærslur á móti áföllnum kostnaði sem er gjaldfærður en framsetning í efnahagsreikningi er að netta þessum stærðum saman og mismunur færður annað hvort sem verk í vinnslu eða fyrirframinnheimtar tekjur.

Vegna gatnagerðargjalda sem eru umfram framkvæmdakostnað í einstaka hverfum þá er talið rétt að flokka mismuninn sem fyrirframinnheimtar tekjur (skuldbindingu) þangað til í ljós kemur hvernig einstaka hverfi eru að koma út. Grunn hugsunin í 11. gr. reglugerðarinnar er að það beri að eignfæra framkvæmdir umfram álögð gatnagerðargjöld. Í reglugerðinni er ekki að finna ákvæði um að það beri að tekjufæra ef gatnagerðargjöld eru hærri en framkvæmdakostnaður þó það væri eðlilegt út frá reikningsskilastöðlum ef full víska væri fyrir því að engar viðbótar framkvæmdir séu við einstaka hverfi. En slíkt þarf að meta eftir því sem árum líður og beita varfærnisssjónarmiðum.

Niðurstaðan er því sú að færa framkvæmdakostnað umfram álögð gatnagerðargjöld sem verk í vinnslu í þeim hverfum þar sem framkvæmdakostnaður er hærri en í þeim hverfum sem staðan er á hinn veginn, þ.e. álögð gatnagerðargjöld eru hærri en framkvæmdakostnaður, þá færast sá liður sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi. Samanburðarfjárhæðum 2022 er breytt til samræmis. Breytingin hefur engin áhrif á rekstrarreikning sveitarfélagsins.

Áhrif breytinga

Breytingarnar frá fyrri umræðu hafa áhrif á efnahagsreikninginn með eftirfarandi hætti:

Efnahagsreikningur (fjárh. í þús.)

	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
	2023 - 2. umræða	2023 - 1. umræða	2023 - 2. umræða	2023 - 1. umræða
Fastafjármunir				
Verkfévinnslu	2.727.047	6.454.149	2.727.047	6.454.149
Skuldbindingar				
Fyrirframinnheimtar tekjur	940.760	4.667.863	940.760	4.667.863

Áhrif á reiknað skuldahlutfall út frá reglum um fjárhagsleg viðmið:

	Útreikningur skuldahlutfalls			
	2. umræða		1. umræða	
	A-hluti	A-B hluti	A-hluti	A-B hluti
Tekjur	27.021.860	29.145.616	27.021.860	29.145.616
Heildarskuldur	35.454.593	36.631.722	39.181.696	40.358.826
Langtímakrafa vegna hjúkrunarheimilis	0	-1.707.349	0	-1.707.349
Lífeyrisskuldbindingar umfram 15 ár	-1.154.195	-1.158.255	-1.154.195	-1.158.255
Veltufjármunir	-7.416.079	-4.765.423	-7.416.079	-4.765.423
Fyrirframgreiddur kostnaður (Brú)	-912.055	-959.286	-912.055	-959.286
	25.972.264	28.041.409	29.699.367	31.768.513
Hlutfall	96%	96%	110%	109%

Virðingarfyllt,

Enor ehf



Davíð Búi Halldórsson
Löggiltur endurskoðandi